



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG FORSETAFRÚAR TIL MOSFELLSBÆJAR

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid fara í opinbera heimsókn til Mosfellsbæjar á morgun, miðvikudaginn 9. ágúst, og stendur heimsóknin í einn dag. Heimsóknin er í tilefni af þrjátíu ára afmæli bæjarins sem fékk kaupstaðarréttindi 9. ágúst 1987. Forsetahjónin munu skoða ýmsa staði í bæjarfélaginu en heimsókninni lýkur með hátíðardagskrá í Hlégarði sem hefst klukkan 16:30 og er opin öllum Mosfellingsum meðan húsrúm leyfir.

Dagskrá heimsóknarinnar hefst við skógræktina við Hamrahlíð en þaðan verður haldið að Hrísrú þar sem kynnt verður fornleifaverkefni sem þar hefur verið unnið að á liðnum árum. Næst er haldið að Gljúfrasteini, Húsi skáldsins, þar sem verður stutt dagskrá með kynningu á starfsemi hússins. Þá er haldið í gróðrarstöðina í Dalsgarði í Mosfellsdal og hún skoðuð.

Eftir hádegi koma forsetahjónin við í Krikaskóla og hitta svo hóp eldri borgara úr Mosfellsbæ á Eirhömrum. Þá skoða gestirnir alifuglabúið á Reykjum og fara í Álafosskvosina en heimsókninni lýkur með dagskránni í Hlégarði klukkan 16:30.

8. ágúst 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Edda Davíðsdóttir tómstundafulltrúi Mosfellsbæjar (615 1532) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).